

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2023, föstudaginn 25. ágúst var haldinn 96. fundur menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14, Hofi og hófst kl. 9:35. Viðstödd voru: Skúli Helgason formaður, Sabine Leskopf, Kristinn Jón Ólafsson, Pawel Bartoszek, Friðjón R. Friðjónsson varamaður fyrir Ragnhildi Öldu Vilhjálmstöttur, Stefán Pálsson og Erling Jóhannesson áheyrnarfulltrúi BÍL. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri MÍT, Steinþór Einarsson, María Rut Reynisdóttir og Inga María Leifsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 21. júní 2023 þar sem fram kemur að Friðjón R. Friðjónsson taki sæti sem varafulltrúi í menningar-, íþróttá- og tómsundaráði í stað Helga Áss Grétarssonar. MSS21120108
2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 17. ágúst 2023 þar sem fram kemur að Oktavía Hrund Jóns taki sæti sem varafulltrúi í menningar-, íþróttá- og tómsundaráði í stað Rannveigar Ernudóttur. MSS22060045
3. Lagt fram bréf skrifstofustjóra menningarmála dags. 23. ágúst 2023 með tilnefningum Reykjavíkur bókmennaborgar UNESCO, Félags Íslenskra bókaútgefenda og Rithöfundasambands Íslands í dómnefnd um bókmennaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2023. MOF23080001 Frestað.
- kl. 9.41 tekur Birna Hafstein varamaður fyrir Kjartan Magnússon sæti á fundinum
4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs dags. 23. ágúst 2023 um bátinn Örninn. BOS2303002

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að samþykkt verði erindi frá Victori Berg Guðmundssyni og Viking Park um að þeir taki að sér bátinn Örninn með það í huga að gera bátinn upp, viðhalda og hafa til sýnis við Hjörleifshöfða. Lögð verði áhersla á tengingu við sögu bátsins, sögu útgerðar og siglinga á svæðinu, landnámssögu Íslands og kvikmyndasöguna samanber meðfylgjandi greinargerð.

Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn fagnar þeim víðtæka áhuga sem aðilar í samfélaginu hafa sýnt því að tryggja að hinn sögufrægi bátur Örninn öðlist framhaldslíf. Fjölmargir sendu inn fyrirspurnir og hugmyndir og þeir aðilar sendu inn formleg erindi um varðveislu og viðhald bátsins og voru þau öll vönduð og áhugaverð. Það er niðurstaða meirihlutans að leggja til að gengið verði til samninga við aðila sem standa að Víkingagarðinum Viking Park við Hjörleifshöfða þar sem báturinn verður gerður upp og hafður til sýnis í samhengi við sögu sjávarútvegs, landnáms og íslenska kvikmyndavarið en Örninn kom við sögu í þekktum íslenskum kvikmyndum á 9. áratugnum.

5. Fram fer umræða um aðstöðu Frisbígolffélags Reykjavíkur í Leirdal. ITR23080008.
6. Fram fer kynning á Vetrargarðinum í Breiðholti. ITR22050007

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri Grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar fyrir vandaða kynningu á hinu metnaðarfulla verkefni Vetrargarðinum sem verið hefur í undirbúningi undanfarin ár. Verkefnið er í fullu samræmi við Græna planið og lýðheilsustefnu Reykjavíkur og fellur vel að menntastefnu borgarinnar og áherslum Útilífsborgarinnar sem er ein af þremur meginstoðum menningar og íþróttasviðs borgarinnar ásamt Menningarborginni og Íþróttaborginni. Eðlilegt er að halda undirbúningi verkefnisins áfram en næstu skref eru að útfæra og klára áætlanir um stofnkostnað og rekstur áður en endanlegar ákvarðanir um framkvæmdina verða teknar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hugmyndin um Vetrargarð í Breiðholtsbrekkunni er góð og allra athygli verð, en í dag er Reykjavíkurborg varla aflögufær til að leggja í framkvæmdir sem munu kosta borgarbúa að minnsta kosti einn milljarð króna. Þá er hvergi minnst á rekstrarkostnað Vetrargarðsins í áætlunum borgarinnar en ljóst er að hann myndi vera umtalsverður. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja hugmyndir um að nýta það efni sem fellur til við gerð Arnanessvegar til landmótunar á svæðinu en hugmyndir um að verja hundruðum milljóna í húsnæði og tækjakaup eru í besta falli óábyrgar á meðan Reykjavíkurborg er rekin dag frá degi á yfirdrætti. Einnig er ljóst af fréttum sumarsins að erfitt mun reynast að fá frekari yfirdráttarlán. Heillavænlegast væri bíða með ákvarðanir um mörg hundruða milljóna útgjöld þar til áætlanir meirihluta borgarstjórnar um fjárhagslegt sjálfstæði raungerast.

Atli Atli Steinn Árnason og Hafsteinn Hrafn Grétarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Fram fer umræða um samning við Leikni/Aþenu vegna Austurbergs 1 og 3. ITR22020017
- kl. 11:09 vikur Erling Jóhannesson af fundinum.
8. Lögð fram umsögn sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs dags. 25. júlí 2023 um yfirlýsingu Eurocities – „Call to action – for low carbon and more inclusive culture“. ITR23070012
9. Umræðu um aðstöðu til tennisiðkunar er frestað.
10. Fram fer umræða um heimsókn frá Álaborg til menningar- og íþróttasviðs í september nk. ITR23080009
11. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Var menningar og íþróttasvið upplýst um að undirgöngum við Nauthólsveg væri lokað og aðkoma barna og annarra hjólandi og gangandi skert að einu fjölsóttasta íþróttu og tómstundasvæði borgarinnar?

Fundi slitið kl. 11:35

Skúli Helgason

Kristinn Jón Ólafsson
Pawel Bartoszek
Friðjón R. Friðjónsson

Sabine Leskopf
Birna Hafstein
Stefán Pálsson